Október 2025

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Ársskýrsla 2024

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

**Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
545 8200 | irn@irn.is

Október 2025 | ISBN 978-9935-494-63-4

Ábyrgðarmaður: Eyjólfur Ármannsson
Umsjón: Innviðaráðuneytið
Umbrot: Jónas Þorbergsson
Prentun: Pixel, umhverfisvottuð prentsmiðja

© 2025 – Innviðaráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Efnisyfirlit

**Ávarp ráðherra** 3

**Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi** 4

Ráðgjafarnefnd 4
Starfsfólk 5
Vefur 5
Ársfundur 6
Dómur Hæstaréttar í málshöfðun Reykjavíkurborgar 8
Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8
Fasteignasjóður 10
Úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks 10
Aðkoma Fasteignasjóðs að verkefninu Römpum upp Ísland 11
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu 12
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 12
Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða 13
Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk 14
Verkefni Innheimtustofnunar færðust til ríkisins 14
NPA 15

**Tekjur Jöfnunarsjóðs** 15

**Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs** 16

Notendastýrð persónuleg aðstoð 21
Heildarframlög til sveitarfélaga 21
Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga 22

**Ársreikningur 2024** 25

Staðfesting ársreiknings 26
Áritun ríkisendurskoðanda 27
Rekstrarreikningur árið 2024 29
Efnahagsreikningur 31. desember 2024 30
Sjóðstreymi árið 2024 32
Skýringar 33

**Framlög Jöfnunarsjóðs** 40

Framlög skipt eftir sveitarfélögum 41
Framlög skipt eftir landshlutum 42
Önnur framlög 42
Framlög vegna fatlaðs fólks 2024 43

**Skipan ráðgjafarnefnda** 44

# Ávarp ráðherra



Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nú haldinn í átjánda sinn. Þar gefst gott tækifæri til að fara yfir starfsemi sjóðsins og meta stöðuna til framtíðar. Frá því að ég tók við sem ráðherra sveitarstjórnarmála í lok síðasta árs hef ég lagt áherslu á að vera í beinu samtali við sveitarstjórnarfólk. Liður í þessari viðleitni minni var að halda opna samráðsfundi í öllum landshlutum í lok sumars. Samtalið hefur gert mér enn betur grein fyrir því að sveitarfélögin gegna lykilhlutverki á flestum sviðum samfélagsins. Ábyrgð þeirra sem starfa í sveitarstjórnum er því mikil og ekki síður mikilvæg en okkar sem starfa á vettvangi stjórnmálanna á landsvísu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri sveitarfélaganna sem einn af megintekjustofnum þeirra. Sjóðurinn hefur fengið sífellt aukið hlutverk frá því að hann hóf starfsemi sína í núverandi mynd árið 1990. Umfang hans er mikið, eins og kemur fram í ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2024, en tekjur hans á árinu námu tæpum 90 milljörðum króna.

Um langt árabil hefur verið rætt um mikilvægi þess að gera þurfi róttækar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs. Þeim mikilvæga áfanga var náð nú í sumar þegar ný lög um Jöfnunarsjóð voru samþykkt á Alþingi Íslendinga. Lögin sem taka gildi 1. janúar nk. fela það í sér að helstu jöfnunarframlög sjóðsins eru sameinuð í eitt framlag. Breytingin hefur það í för með sér að gæði jöfnunar verða betri komið er í veg fyrir þá yfirjöfnun sem verið hefur í núverandi kerfi, sem verður til þess að sambærileg sveitarfélög fá sambærileg framlög. Í nýju lögunum er þess gætt að breytingarnar komi inn í skrefum og tekur nýja kerfið ekki að fullu gildi fyrr en á árinu 2030.

Byggðasjónarmið voru höfð að leiðarljósi þegar unnið var að breytingum á regluverki sjóðsins og mun ég leggja áherslu á mikilvægi byggðahlutverks sjóðsins í störfum mínum sem ráðherra sveitarstjórnarmála og byggðamála.

Stuðningur Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga er eitt af lögbundnu hlutverki hans og hefur hann komið myndarlega að stuðningi við sameiningar frá því að stuðningurinn var stóraukinn árið 2020. Árið 2024 námu framlög sjóðsins vegna sameiningar sveitarfélaga rúmum 1,2 milljarði króna. Ég mun leggja ríka áherslu á þetta hlutverk sjóðsins til framtíðar og undirritaði á dögum minnisblað um áætlun úthlutunar sameiningarframlaga á árinu 2025. Yfirlitið er aðgengilegt á vefsíðu Jöfnunarsjóðs þar sem hægt er að sjá sameiningarframlög fyrir hvert og eitt sveitarfélag og leggja saman mögulega sameiningarkosti. Yfirlitið er jafnframt að finna í ársskýrslu sjóðsins.

Að lokum vil ég þakka ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og starfsmönnum sjóðsins fyrir vel unnin störf.

Þá óska ég sveitarstjórnarfólki velfarnaðar í störfum sínum og hlakka til samstarfsins á næstu árum.

*Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra*

# Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Hlutverk hans er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Í júlí 2025 voru ný heildarlög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025 samþykkt á Alþingi og taka þau gildi í ársbyrjun 2026. Lögin marka tímamót þar sem þetta er í fyrsta sinn sem sérstök lög eru samþykkt um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Áður var fjallað um málefni sjóðsins í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Veigamesta breytingin er sú að nýtt úthlutunarlíkan Jöfnunarsjóðs mun leysa af hólmi núverandi tekjujöfnunar-, útgjalda- og fasteignaskattsframlag og er tilgangurinn með því að sveitarfélögin standi á jafnari grunni, að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta.

## Ráðgjafarnefnd

Innviðaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er sjö manna ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til ráðherra um úthlutun framlaga úr sjóðnum annarra en bundinna framlaga. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.



| Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs er skipuð til fjögurra ára og hana skipa:

- Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fyrrverandi oddviti í bæjarstjórn Akureyrarbæjar, formaður
- Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
- Theódóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar
- Hrund Pétursdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði
- Friðjón Einarsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Varamenn:

- Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður ráðherra, varaformaður
- Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps
- Halla Karen Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
- Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar
- Gísli Sigurðsson, bæjarfulltrúi Skagafjarðar
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík

Ráðgjafarnefndin hélt fjórtán bókaða fundi á árinu 2024.

Fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar eru birtar á vef sjóðsins. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitarfélaga um starfsemi sjóðsins, umfjöllun og afgreiðslu erinda sem berast sjóðnum og tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutun framlaga.

# Starfsfólk

- Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður
- Árni Sverrir Hafsteinsson, sérfræðingur
- Elmar Björnsson, sérfræðingur
- Sigrún Dögg Kvaran, sérfræðingur

# Vefur

Á vef Jöfnunarsjóðs, jofnunarsjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutun framlaga og fleira. Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutun einstakra framlaga sjóðsins.

# Ársfundur

Sautjándi ársfundur Jöfnunarsjóðs var haldinn 9. október 2024 á Hilton Hótel Nordica. Svandís Svavarsdóttir, þáverandi innviðaráðherra, sagði í ávarpi sínu að „Jöfnunarsjóður væri eitt af grundvallarkerfum í íslensku samfélagi sem hafi mikil áhrif á alla íbúa landsins. Sjóðurinn útdeilir háum fjárhæðum til reksturs grunnskóla, vegna þjónustu við fatlað fólk, að ógleymdu byggðahlutverki sjóðsins.“

Á fundinum kynnti ráðherra að ákveðið hafi verið að veita Grindavík sérstakt framlag að fjárhæð 600 milljónir kr. vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins. „Jöfnunarsjóður hefur mikilvægt hlutverk til þess að aðstoða sveitarfélög í vanda og slíkt er að raungerast nú um stundir. Grindavík var eitt best setta sveitarfélag landsins fyrir ári síðan. En eftir að rýma þurfti sveitarfélagið og hrun varð á tekjustofnum er fyrirsjáanlegt að það stefni í verulegar fjárhagsþrengingar á næsta ári. Stjórnvöld hafa reynt sitt besta að standa með Grindavík í miklum erfiðleikum sem samfélagið glímir við og þetta er eðlilegur hluti af því,“ sagði Svandís.

Ráðherra lagði áherslu á að sameining sveitarfélaga í öflugri einingar gefi möguleika á sérhæfðari stjórnsýslu og meiri gæðum. Það væri einfaldlega erfitt að ætla smáum sveitarfélögum sömu byrðar og sveitarfélögum með tugþúsundir íbúa. Munurinn á stærstu og minnstu sveitarfélögunum væri mikill á Íslandi. Starfsmenn stærsta sveitarfélagsins væru t.a.m. fleiri en samanlagður íbúafjöldi í 26 fámennustu sveitarfélögum landsins. Þegar þetta sé staðan blasi við að sveitarfélög hafi ólíka möguleika að halda uppi sömu þjónustu. „Mikilvægt er að styrkja enn frekar hvata sem stuðla að frekari sameiningu sveitarfélaga. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að löggjafarþingið fái frumvarp til laga um breytingar á lögum um Jöfnunarsjóð til meðferðar í vetur til að gera þær breytingar sem við vitum að eru nauðsynlegar, til einföldunar og til þess að sjóðurinn virki vel við áskoranir nútímans,“ sagði Svandís.

Ráðherra fjallaði einnig um samgöngur og húsnæðismál og telur fullt tilefni til þess að horfa á þau mál í víðara samhengi. „Ég tel koma til greina að gera samgöngu- og húsnæðissáttmála við stærri svæði, við Vesturland, við Norðurland o.s.frv. Það er styrkur af því að hugsa húsnæðismál og samgöngur í sama vetfangi. Hvort tveggja eru mikilvægar forsendur byggðar. Á tímum þar sem við erum sífellt að glíma við flóknari úrlausnarefni þá höfum við ekki efni á því að vinna hlutina aðskilið, dreifa kröftunum,“ sagði Svandís.

Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fór yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023. Guðni Geir sagði sjóðinn standa sterkt þótt halli hafi orðið á rekstri síðasta árs vegna leiðréttinga á framlögum fyrir árið 2022. Eigið fé nam 594 milljónum kr. á efnahagsreikningi í lok árs 2023. Hann sagði stöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs mjög sterka en framlög úr sjóðnum hafa m.a. nýst til að styðja vel við átak í aðgengismálum fatlaðs fólks í samvinnu við ÖBÍ og landsátakið Römpum upp Ísland.

Guðni Geir sagði einnig frá nýju hlutverki Jöfnunarsjóðs við að greiða framlög til sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða en Alþingi samþykkti frumvarp þess efnis í júní 2024. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir eru liður í aðgerðum stjórnvalda til að styðja við langtímakjarasamninga á vinnumarkaði og leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks.

Árlegt framlag úr ríkissjóði bætist við tekjur Jöfnunarsjóðs á árunum 2024-2027 vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða. Gert er ráð fyrir að framlög fyrir heilt skólaár nemi 3.750 m.kr. en þau skiptast hlutfallslega eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum 1. janúar skólaárið á undan. Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða á árinu 2024, þ.e. frá ágúst til desember, nema 1.725 m.kr.

Starfshópur mun leggja mat á nýtingu og áhrif framlags gjaldfrjálsra skólamáltíða. Hann verður skipaður fulltrúa innviðaráðuneytisins, sem verður formaður, fulltrúa mennta- og barnamálaráðuneytisins og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Árni Þór Sigurðsson, formaður Framkvæmdanefndar vegna jarðhræringa við Grindavík, fjallaði um tilurð og skipan nefndarinnar. Lög nr. 40/2024 voru samþykkt á Alþingi þann 14. maí 2024 með 47 samhljóða atkvæðum. Samkvæmt lögunum var skipuð sérstök framkvæmdanefnd frá og með 1. júní 2024, með gildistíma til 31. maí 2026. Nefndin er sjálfstætt, fjölskipað stjórnvald sem heyrir undir ráðherra og skal í störfum sínum taka mið af stefnu og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar vegna málefna Grindavíkur. Fyrirkomulag af þessu tagi hefur ekki fordæmi hér á landi. Fram kom að nefndina skipa, ásamt Árna Þór Sigurðssyni, formanni nefndarinnar, Guðný Sverrisdóttir og Gunnar Einarsson.

Greindi hann frá því að markmið laganna og heimildir væru til að tryggja skilvirka og hagkvæma úrlausn verkefna vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ; hlúa að íbúum Grindavíkurbæjar og stuðla að farsæld þeirra til framtíðar auk þess að ýta undir öflugt atvinnulíf í Grindavíkurbæ. Þá geti ráðherra, í samráði við Grindavíkurbæ, falið framkvæmdanefnd að samhæfa aðgerðir vegna annarra verkefna en þeirra sem talin eru upp í lögunum og tengjast jarðhræringum í sveitarfélaginu. Einnig sé ráðherra heimilt að fela nefndinni að vinna að gagnasöfnun og rannsóknum einstakra samfélagslegra atriða sem leiða af afleiðingum jarðhræringanna, í samvinnu við önnur stjórnvöld og aðra aðila.

Þá fjallaði Árni Þór um helstu verkefni nefndarinnar, sem séu að starfrækja þjónustuteymi til að tryggja samþætta þjónustu við íbúa Grindavíkur. Teymin sinna m.a. verkefnum á sviði skóla- og frístundastarfs, félagsþjónustu, barnaverndar, þjónustu við eldra fólk, fatlað fólk og aðra viðkvæma hópa, auk húsnæðis- og vinnumarkaðsmála. Hlutverk þeirra er að móta tillögur og áætlanir um stuðning við íbúana og eiga samráð við móttökusveitarfélög, stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila um veitingu þjónustunnar. Einnig sagði hann nefndina hafa yfirumsjón með framkvæmdum og gerð áhættumats fyrir þéttbýli í Grindavíkurbæ í samvinnu við ríkislögreglustjóra, könnun á jarðvegi o.fl.

Að lokum sagði hann nefndina vinna með fjölmörgum samstarfs- og samráðsaðilum. Áskoranir á næstunni væru m.a. stuðningsaðgerðir við íbúa og atvinnulíf, m.a. vegna sálfélagslegra áhrifa jarðhræringanna á íbúa sveitarfélagsins.

# Dómur Hæstaréttar í málshöfðun Reykjavíkurborgar

Í ársskýrslu Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2023 var fjallað um málshöfðun Reykjavíkurborgar gegn íslenska ríkinu og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem ríkið var dæmt til að greiða borginni bætur. Ástæðan var talin ófullnægjandi lagastoð fyrir þeim ákvæðum í reglugerð sem kvað á um undanþágu Reykjavíkurborgar frá tilteknum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla á árunum 2015 til 2019. Ríkið áfrýjaði dómnum beint til Hæstaréttar með leyfi réttarins.

Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm í málinu í nóvember 2024 og sneri við niðurstöðu héraðsdóms. Með dómi Hæstaréttar var íslenska ríkið sýknað af öllum kröfum Reykjavíkurborgar.

Í forsendum dómsins rakti Hæstiréttur ítarlega aðdraganda og framkvæmd yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga árið 1996. Þar var lögð áhersla á að það hefði verið „ótvíræð forsenda“ fyrir yfirfærslunni að kostnaðarauki Reykjavíkurborgar yrði að fullu fjármagnaður með hækkun á útsvarsheimild sem rynni beint til borgarinnar. Hlutverk Jöfnunarsjóðs var hins vegar að jafna stöðu annarra sveitarfélaga. Þetta fyrirkomulag var byggt á tillögum sérstakrar kostnaðarnefndar og fest í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga áður en því var fylgt eftir með lagabreytingum.

Hæstiréttur taldi að megintilgangur 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum sé að tryggja að bein skattheimta á borgarana hvíli ávallt á lagastoð. Framlög úr Jöfnunarsjóði væru annars eðlis, eða miðlunarúrræði til að jafna rekstrarskilyrði sveitarfélaga. Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að þegar litið væri til þessa heildarsamhengis hefði löggjafinn ekki framselt ráðherra vald til að ákveða hvort Reykjavíkurborg ætti rétt á framlögunum. Reglugerðin (nr. 351/2002) sem undanþáði borgina var því aðeins til áréttingar á þeirri útreikningsforsendu sem yfirfærslan byggði á frá upphafi. Þar af leiðandi skorti reglugerðina ekki lagastoð og var hún ekki í andstöðu við stjórnarskrá.

# Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Sumarið 2025 voru samþykkt ný heildarlög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en þetta er í fyrsta sinn sem sérstök og heildstæð löggjöf gildir um sjóðinn. Fyrra fyrirkomulag byggðist á ákvæðum í III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Meginhlutverk Jöfnunarsjóðs er óbreytt, það er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga til að tryggja lögbundna grunnþjónustu við íbúa. Nýju lögin eru sett til að nútímavæða framkvæmd þessa hlutverks með markvissara, réttlátara og gagnsærra kerfi.

Löggjöfin er afrakstur vinnu sem hófst í janúar 2023 þegar innviðaráðherra skipaði starfshóp til að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins sem höfðu staðið lítið breyttar í áratugi, á sama tíma og umhverfi sveitarfélaga hafði tekið stakkaskiptum. Sveitarfélögum hafði fækkað verulega og verkefni þeirra, svo sem yfirfærsla grunnskólans og málefna fatlaðs fólks, höfðu aukist. Löggjafarferlið einkenndist af víðtæku samráði við sveitarfélög og hagsmunaaðila og fjölmargir fundir voru haldnir með fulltrúum landshluta og einstakra sveitarfélaga. Frumvarpið náði ekki fram að ganga í fyrstu tilraun en sú reynsla og samráð sem út úr þeirri vinnu kom var nýtt til endurbóta. Í endanlegri útgáfu var enn frekar komið til móts við athugasemdir, meðal annars með aukinni áherslu á stuðning við sveitarfélög með stór þjónustusóknarsvæði og flóknar útgjaldaþarfir.

Með breytingunni eru tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag og fasteignaskattsframlag sjóðsins lögð niður. Í þeirra stað kemur eitt sameinað og gagnsætt jöfnunarframlag. Nýja líkanið leggur heildstætt mat á fjárhagslega stöðu hvers sveitarfélags með því að vega saman landfræðilega, lýðfræðilega og efnahagslega þætti.

Meðal annarra breytinga er að með nýjum lögum er kveðið á um sérstakt höfuðstaðaálag til handa Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ en með því er viðurkennt að þessi sveitarfélög beri umtalsverðan kostnað af þjónustu sem nýtist íbúum landsins alls, umfram eigin íbúafjölda. Þá er kveðið á um að ÍSAT- framlög sjóðsins skuli einnig renna til Reykjavíkurborgar, en borgin var undanskilin þeim framlögum í eldri lögum.

Þá er nýja regluverkið hannað til að draga úr neikvæðum fjárhagslegum hvötum til sameiningar sveitarfélaga og tryggja að sjóðurinn styðji við, frekar en vinni gegn, skynsamlegri uppbyggingu sveitarstjórnarstigsins.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi af Eyjólfi Ármannssyni innviðaráðherra vorið 2025 og samþykkt sem lög 14. júlí sama ár. Við þinglega meðferð málsins voru gerðar tvær breytingar á frumvarpinu. Annars vegar var fallið frá þeirri tillögu að ónýttar útsvarsheimildir sveitarfélaga yrðu dregnar frá framlögum sveitarfélaga við útreikning framlaganna. Hins vegar var kveðið á um að Grindavíkurbær fengi fasteignaskattsframlög á árinu 2025.

Samþykkt laganna markar upphaf að nýjum kafla í sögu sjóðsins og verður innleiðing hins nýja úthlutunarlíkans forgangsverkefni á komandi misserum. Innviðaráðherra hefur jafnframt boðað að næsta skref verði heildarendurskoðun á grunnskólaframlagi sjóðsins, en meðvituð ákvörðun var tekin um að aðskilja þá vinnu frá almennri kerfisbreytingu. Nýju lögin eru lykilþáttur í framkvæmd þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038, sem setur fram heildstæða sýn á framtíð sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

# Fasteignasjóður

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var stofnaður í kjölfar yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Tekjur Fasteignasjóðs eru hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs af 1,44% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert.

Í reglugerð nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs er m.a. kveðið á um skilyrði þess að veittir séu styrkir til sveitarfélaga úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir, sbr. 13. gr. b í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í reglugerðinni er að finna nánari reglur um starfsemi Fasteignasjóðs en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til eftirtalinna verkefna:

1. Fjármögnun á hlutdeild í stofnframlagi til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða íbúa með mjög miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir á móti framlagi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
2. Jöfnun á íþyngjandi kostnaði vegna langtímaleigusamninga um húsnæði fyrir fatlað fólk sem sveitarfélög yfirtóku samhliða yfirfærslu málaflokksins árið 2011.
3. Stuðningur við nauðsynlegar endurbætur á eldra íbúðarhúsnæði fatlaðs fólks með verulegar þjónustu- og stuðningsþarfir sem gera því kleift að búa áfram á heimilum sínum.
4. Bygging hæfingarstöðva til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra til hæfingar fatlaðs fólks.
5. Í öðrum sérstökum undantekningartilvikum sem talin eru falla vel að hlutverki Fasteignasjóðs en falla þó ekki undir lið 1-4 hér að framan.

# Úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks

Í mars 2021 setti ráðherra nýja reglugerð með nýjum og breyttum ákvæðum um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Meginmarkmið nýrrar reglugerðar var að veita aukinn stuðning til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks. Í upphafi var sérstaklega kveðið á um að Fasteignasjóði væri heimilt, á árunum 2021 og 2022, að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til:

- Úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningssamgangna verði aðgengilegar öllu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- Úrbóta sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk.

Í júní árið 2023 undirrituðu innviðaráðherra og formaður ÖBÍ réttindasamtaka nýtt samkomulag um aukinn stuðning við átaksverkefni stjórnvalda og ÖBÍ um úrbætur um land allt í aðgengismálum fyrir fatlað fólk. Samkomulagið kvað á um að Fasteignasjóði væri heimilt á árunum 2023 og 2024 að úthluta samtals 415 m.kr. í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að þeim verkefnum sem fjallað er um hér að ofan.

Átakið rann sitt skeið á enda þann 31. desember 2024. Af heildarupphæðinni, 415 m.kr., hafði verið ráðstafað rúmlega 352 m.kr. við lok átaksins. Á árinu 2024 hófst jafnframt umfjöllun í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs um framhald verkefnisins. Nefndin lagði til við ráðherra að átakið yrði framlengt til áranna 2025 og 2026 og að heildarupphæðin yrði framreiknuð með hliðsjón af vísitölu neysluverðs. Samkvæmt því yrði Fasteignasjóði heimilt að úthluta samtals 464 m.kr. í framlög til úrbóta á aðgengismálum á nýju tímabili.

Í febrúar árið 2025 undirrituðu Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra og Alma Ýr Ingólfsdóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka, nýtt samkomulag um aukinn stuðning við átaksverkefni stjórnvalda og ÖBÍ um úrbætur um land allt í aðgengismálum fyrir fatlað fólk. Samkomulagið kvað á um að Fasteignasjóði væri heimilt á árunum 2025 og 2026 að úthluta samtals 464 m.kr. í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að þeim verkefnum sem fjallað er um hér að ofan.

Alma Ýr sagði við undirritun samkomulagsins: *„Við erum afar vongóð um að þetta verkefni muni halda áfram að skila bættu aðgengi að manngerðu umhverfi í sveitarfélögum landsins. Þetta er mikilvæg vitundarvakning og stuðlar að auknum skilningi á mikilvægi góðs aðgengis. Við bindum vonir við að verkefnið reynist hvatning til sveitarfélaga til að gera enn betur í aðgengismálum.“*

Það er ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir sjóðsins til sveitarfélaga.

## Aðkoma Fasteignasjóðs að verkefninu Römpum upp Ísland

Á árinu 2022 var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem heimilaði Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs að greiða 50 m.kr. árlega á árunum 2022-2025 til verkefnisins Römpum upp Ísland í þeim tilgangi að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk á landsvísu.

Verkefnið gekk vonum framar og alls voru byggðir 1.756 rampar um allt land. Verkefninu lauk formlega í mars 2025. Gerð var breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem heimilaði að ljúka fjármögnun úr Fasteignasjóði þegar á árinu 2024. Auk Jöfnunarsjóðs studdu fjölmargir styrktaraðilar verkefnið, sem fellur afar vel að hlutverki sjóðsins.

Til að greiða götu verkefnisins hafa fjölmargir styrktaraðilar komið að því og þykir það falla mjög vel að hlutverki Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fylgjast má með framgangi verkefnisins á rampur.is

# Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Framlögum ríkisins til að efla tónlistarfræðslu er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Í gildi er samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla en gildistími samkomulagsins er til 31. desember 2026.

Á samningstímanum greiðir ríkissjóður mánaðarlega framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga í samræmi við reglur settar af innviðaráðherra. Framlag ríkisins tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%.

Framlag ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu á árinu 2024 nam 748,4 m.kr. Á móti framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nema 307,9 m.kr. á ársgrundvelli sbr. viðauka við samkomulagið. Þau verkefni sem sveitarfélögin taka yfir taka jafnframt breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu.

Samráðsnefnd skipuð fulltrúum ríkis og sveitarfélaga vinnur að gerð nýs samkomulags um málefni tónlistarskóla og gert er ráð fyrir að vinnunni ljúki á árinu 2026.

# Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Á grundvelli reglugerðar nr. 192/2023 og laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum er kveðið á um tekjur Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk og að þær skuli renna í sérdeild innan sjóðsins:

a) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars nemur 1,44%.
b) Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
c) Framlag úr ríkissjóði vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Á grundvelli 3. gr. framangreindrar reglugerðar var útreikningur almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2023 með eftirfarandi hætti:

a) 88% skiptust hlutfallslega miðað við niðurstöður mælinga á útgjaldaþörf.
b) 10,75% skiptust hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga árið 2021.
c) 1,25% skiptust hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

## Framlög vegna samþættingar á þjónustu barna

Á árinu 2024 úthlutaði sjóðurinn í þriðja sinn framlögum til sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1593/2022 til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu við farsæld barna. Þegar farsældarlögin voru samþykkt af Alþingi sumarið 2021 var jafnframt gerð breyting á tekjustofnalögum sem fól í sér að sérstakt framlag frá ríkissjóði bættist við tekjur Jöfnunarsjóðs á árunum 2022-2025 til að standa straum af framlögum vegna samþættingar. Samkvæmt nýjum lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 56/2025 er framlag vegna samþættingar á þjónustu barna ekki lengur tímabundið. Þess í stað mun Alþingi ákvarða fjárhæð framlagsins ár hvert í fjárlögum.

Við úthlutun framlaga til sveitarfélaga árið 2024 fór skipting framlaga til sveitarfélaga fram með eftirfarandi hætti samkvæmt framangreindri reglugerð. Eftirfarandi breytur eru lagðar til grundvallar við útreikning og hafa þær allar jafnt vægi:

- Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi
- Fjöldi barna með stuðning í skólum
- Fjöldi barna á lágtekjuheimilum
- Fjöldi barna af erlendum uppruna

Framlag ársins 2024 nam 1.078 m.kr.

## Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða

Alþingi samþykkti í júní 2024 frumvarp innviðaráðherra um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem heimilar Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til sveitarfélaga sem bjóða nemendum sínum í grunnskólum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Var það liður í aðgerðum stjórnvalda til að styðja við langtímakjarasamninga á vinnumarkaði og leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks.

Við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist árlegt framlag úr ríkissjóði á árunum 2024-2027 sem Jöfnunarsjóður úthlutar til þeirra sveitarfélaga sem bjóða öllum nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum. Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan. Aðeins þau sveitarfélög sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir munu fá framlög.

Innviðaráðherra skipaði í byrjun árs 2025 starfshóp til að leggja mat á nýtingu og áhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða. Hópurinn, sem samanstóð af fulltrúum innviðaráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, skilaði skýrslu sinni í júní 2025 þar sem fram kom að mikill ávinningur sé af verkefninu og að almennt sé ánægja með fyrirkomulagið, einkum hjá foreldrum grunnskólabarna og skólastjórnendum en einnig meðal margra sveitarfélaga.

Framlög ríkisins vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða námu 1,7 ma.kr. fyrir tímabilið frá ágúst til desember 2024. Fyrir árið 2025 er framlagið 3,9 ma.kr. og í fjárlögum ársins 2026 er gert ráð fyrir rúmlega 4 ma.kr. í málaflokkinn.

## Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Framlög vegna málaflokks fatlaðs fólks voru hækkuð í tveimur skrefum í ársbyrjun 2023 og svo aftur í ársbyrjun 2024. Síðari hækkunin kom samhliða samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins sem undirritaður var í desember 2023. Breytingarnar hafa tryggt varanlega tilfærslu fjármuna til málaflokksins og skilað sér í því að sú hlutdeild útsvarsstofns sem rennur til Jöfnunarsjóðs vegna hans stendur nú í 1,44%.

Að afloknum þessum mikilvægu breytingum á fjármögnun málaflokksins hefur áherslan á árinu 2024 og það sem af er árinu 2025 færst yfir á að innleiða þær faglegu umbætur sem felast í samkomulaginu frá desember 2023. Þar vegur þyngst aukið vægi SIS-matsins (samræmds mats á stuðningsþörfum) við útreikning framlaga, með það að markmiði að auka jafnræði og samræmi í framlögum sjóðsins.

Unnið hefur verið að því á árinu að útfæra þessar nýju áherslur og er sú vinna nú á lokastigi. Væntingar standa til að unnt verði að úthluta framlögum fyrir komandi ár á grundvelli þessara nýju viðmiða í samræmi við ný lög um sjóðinn sem taka gildi um áramótin. Breytingin markar mikilvægt skref í þá átt að gera reiknireglurnar gagnsærri og réttlátari við úthlutun framlaga sjóðsins.

## Verkefni Innheimtustofnunar færðust til ríkisins

Á árinu 2023 var ákveðið að verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga myndu færast til ríkisins frá og með 1. janúar 2024. Alþingi samþykkti á vorþingi 2023 lagafrumvarp innviðaráðherra um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga og mun sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra á Blönduósi taka að sér stjórnsýsluverkefni stofnunarinnar, en sýslumenn eru innheimtumenn ríkissjóðs.

Markmið með breytingunni er að skapa trausta umgjörð um innheimtu meðlaga og annarra framfærslumeðlaga, einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, stuðla að jákvæðri þróun starfseminnar og bæta þjónustu við meðlagsgreiðendur.

Lögbundið framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð lækkaði þar af leiðandi 1. janúar 2024 úr 2,111% í 2,036%.

# NPA

Frá árinu 2013 hefur Jöfnunarsjóður greitt þjónustusvæðum/sveitarfélögum framlög vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

### Framlög vegna NPA 2015-2024
**M.kr.**




# Tekjur Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti:

a) Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,036% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. (Þar af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum renna til málefna fatlaðs fólks.)

b) Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

c) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:

   1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
   2. er nemur 1,44% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.

d) Vaxtatekjur.

Á árinu 2024 komu jafnframt tekjur frá ríkissjóði vegna framlaga til eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 748 m.kr., framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) og lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda að fjárhæð 1.504 m.kr.

Jafnframt barst sjóðnum framlag að fjárhæð 1.078 m.kr. vegna samþættingar á þjónustu við börn og 24,5 m.kr. framlag til Sólheima í Grímsnesi.

**Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 2019-2025**
**M.kr. á verðlagi hvers árs**




Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1088/2018. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

# Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli reglugerðar nr. 1088/2018 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks.

## Bundin framlög skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

### Bundin framlög 2019-2025
**M.kr.**

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samband íslenskra sveitarfélaga | 473 | 479 | 515 | 583 | 670 | 701 | 778 |
| Landshlutasamtök | 269 | 260 | 284 | 326 | 379 | 388 | 443 |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | 473 | 627 | 477 | 669 | 712 | 0 | 0 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0,45 | 0,50 |
| Húsafriðunarsjóður | 54 | 55 | 55 | 56 | 58 | 58 | 58 |
| **Samtals** | **1.270** | **1.421** | **1.333** | **1.635** | **1.819** | **1.147** | **1.280** |

## Sérstök framlög skv. 7. gr.

Sérstök framlög eru greidd sveitarfélögum vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Sérstök framlög eru:

- **Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 782/2020, með síðari breytingum**: Á árinu 2024 voru greidd framlög til níu sameinaðra sveitarfélaga og í þremur tilfellum þar sem unnið var að sameiningu á árinu.
- **Framlög vegna samþættingar á þjónustu við börn** falla undir sérstök framlög.
- **Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga**: Ekkert framlag var veitt til sveitarfélaga á árinu 2024 vegna fjárhagserfiðleika.
- **Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016, með síðari breytingum**: Matvælastofnun annast stjórnsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- **Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum**: Við útreikning framlaganna er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á viðkomandi ári.
- **Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu**: Hér undir fellur m.a. framlag til rekstrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Nýtt samkomulag tók gildi 1. janúar 2025 milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins um starfsemina í Brussel sem tryggir áframhaldandi rekstur skrifstofunnar fyrir árin 2025-2029. Þá falla framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, vegna samstarfsverkefna sem þau hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríkið og tengjast sóknaráætlunum landshluta, til sérstakra verkefna.
- **Framlög til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda**: Úthlutun framlaga á árinu 2024 fóru fram á grundvelli reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

### Sérstök framlög 2019-2025
**M.kr.**

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlög v. sameininga sveitarfélaga | 328 | 441 | 536 | 1.124 | 1.142 | 1.211 | 950 |
| Framlög v. samþættingar | | | | 1.100 | 1.100 | 1.078 | 1.067 |
| Framlög v. fjárhagserfiðleika sveitarfélaga | | 7 | 41 | 47 | 48 | | 630 |
| Framlög til vatnsveitna á lögbýlum | 21 | 17 | 21 | 30 | 38 | 24 | 32 |
| Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts | 4.685 | 4.524 | 5.021 | 5.797 | 7.293 | 7.147 | 7.894 |
| Framlög v. gjaldfrjálsra skólamáltíða | | | | | | 1.725 | 3.896 |
| Framlög til sérstakra verkefna | 133 | 1.323 | 75 | 106 | 87 | 315 | 200 |
| Framlög til eflingar tónlistarfræðslu | 557 | 572 | 586 | 662 | 715 | 748 | 776 |
| **Samtals** | **5.723** | **6.884** | **6.280** | **8.866** | **10.423** | **12.248** | **15.446** |

## Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, sbr. eftirfarandi:

- **Tekjujöfnunarframlögum** er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Reiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- **Útgjaldajöfnunarframlögum** er varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Framlögunum er skipt í A- og B-hluta. Undir A-hluta falla framlög tengd íbúafjölda, framlög vegna fjarlægða, fjölda þéttbýlisstaða, fækkunar og fjölgunar íbúa og snjómoksturs í þéttbýli. Undir B-hluta falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Úthlutun þeirra framlaga fer fram á grundvelli sérstakra vinnureglna. Jafnframt voru greidd framlög vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli.

### Þróun jöfnunarframlaga 2019-2025
**M.kr. á verðlagi hvers árs**



## Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- **Almenn framlög**: Til almennra framlaga var rúmlega 75% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2024 varið til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- **Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda**: Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuþarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- **Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál**: Viðbótarframlög vegna sérstakrar kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál og framlag til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa og verkefnastjóra.
- **Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum**: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- **Framlag til Barnaverndarstofu**: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- **Önnur framlög**: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna.

### Framlög til reksturs grunnskóla 2024
**M.kr.**



## Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks skv. 11. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 2. tölul. c-liðar 4. gr. og 0,235% af framlagi úr ríkissjóði, að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, er varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða, sbr. reglugerð nr. 192/2023. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk: Til almennra framlaga var varið um 93% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2024 til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.
- Framlög vegna breytingakostnaðar: Framlögin ná til ýmissa kostnaðarþátta vegna yfirfærslunnar, sérfræðiaðstoðar og framlags til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar: Á árinu 2024 komu til greiðslu framlög vegna NPA-samninga sem í gildi voru á árinu 2024. greiðsla um 714 þús.kr. af framlaginu frá ríki vegna NPA voru óhafnar í árslok 2024 og eru því til ráðstöfunar á árinu 2025.
- Framlög vegna lengdrar viðveru: Framlögin greiðast vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda.
- Framlög til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Framlögin nema svipaðri fjárhæð og þeirri sem var áður til ráðstöfunar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra á grundvelli fjárlaga. Ekki hefur verið greitt í sjóðinn undanfarin ár vegna sterkrar stöðu hans.
- Stofnkostnaðarframlög vegna málefna fatlaðs fólks: Framlögunum er ætlað að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk.

### Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 2024
**M.kr.**



# Notendastýrð persónuleg aðstoð

Á grundvelli 5. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023, greiddi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjónustusvæðum/sveitarfélögum framlög á árinu 2024 vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Alls sóttu 15 þjónustusvæði um framlög vegna 123 samninga og nam úthlutað framlag vegna NPA á árinu 2024 samtals 1.407,5 m.kr. Samningum fjölgaði um 26 frá fyrra ári.

Framlögin voru fjármögnuð með óráðstöfuðum fjárveitingum úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs vegna verkefnisins, ásamt sérstöku framlagi frá ríki. Á árinu 2025 mun framlag vegna NPA berast sjóðnum á fjárlögum.

### Framlög vegna NPA árið 2024

**M.kr.**

| Þjónustusvæði | Fjöldi samninga | Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga |
|---|---|---|
| Akureyri | 10 | 92,4 |
| Bergrisinn | 9 | 107,1 |
| Dalvíkurbyggð | 3 | 20,1 |
| Fjallabyggð | 1 | 15,7 |
| Garðabær | 7 | 90,9 |
| Hafnarfjörður | 16 | 201,4 |
| Ísafjörður | 1 | 18,7 |
| Kópavogur | 11 | 118,7 |
| Mosfellsbær | 12 | 89,1 |
| Norðurþing/Þingeyjarsveit | 1 | 1,9 |
| Reykjanesbær | 4 | 51,8 |
| Reykjavík | 42 | 556,6 |
| Skagafjörður | 4 | 25,3 |
| Snæfellsnes | 1 | 7,1 |
| Suðurnesjabær | 1 | 10,6 |
| **Samtals** | **123** | **1.407,5** |

# Heildarframlög til sveitarfélaga

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun heildarframlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2013 til 2024. Framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði á árinu 2024 námu rúmum 90 ma.kr. að meðtöldum framlögum til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Áætluð framlög til sveitarfélaga á árinu 2025 að meðtöldum framlögum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nema samtals um 100 ma.kr.

**Þróun heildarframlaga til sveitarfélaga 2011-2025**
**M.kr. á verðlagi hvers árs**




**Framlög eftir landshlutum 2024**
**Krónur pr. íbúa**




# Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga

Samkvæmt reglum nr. 782/2020 er Jöfnunarsjóði heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

1. Undirbúningur og framkvæmd sameiningar.
2. Óskert tekju- og útgjaldajöfnunarframlög.
3. Skuldajöfnunarframlag.
4. Endurskipulagning þjónustu og stjórnsýslu.
5. Byggðaframlag.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvað kæmi í hlut hvers sveitarfélags samkvæmt reglunum óháð því hvaða sveitarfélagi það sameinast.

## Framlög v. fjárhagslegrar aðstoðar í kjölfar sameiningar sveitarfélaga

**M.kr.**

| Nr. | Landshluti | Íbúa-fjöldi 1.1.2025 | Skuldajöfn-unarframlag | Fast framlag til sveitarf. | Byggða-framlag | Samtals framlag v. sameiningar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0 | Reykjavíkurborg | 138.772 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1000 | Kópavogsbær | 40.040 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1100 | Seltjarnarneskaupstaður | 4.585 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1300 | Garðabær | 20.116 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 1400 | Hafnarfjarðarkaupstaður | 31.525 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1604 | Mosfellsbær | 13.715 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 1606 | Kjósarhreppur | 301 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 2000 | Reykjanesbær | 22.499 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 2300 | Grindavíkurbær | 1.246 | 0 | 100 | 200 | 300 |
| 2506 | Sveitarfélagið Vogar | 1.741 | 295 | 100 | 0 | 395 |
| 2510 | Suðurnesjabær | 4.091 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 3000 | Akraneskaupstaður | 8.285 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 3506 | Skorradalshreppur | 65 | 0 | 100 | 2 | 102 |
| 3511 | Hvalfjarðarsveit | 760 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 3609 | Borgarbyggð | 4.102 | 203 | 100 | 9 | 312 |
| 3709 | Grundarfjarðarbær | 826 | 400 | 100 | 111 | 611 |
| 3713 | Eyja- og Miklaholtshreppur | 124 | 0 | 100 | 4 | 104 |
| 3714 | Snæfellsbær | 1.669 | 253 | 100 | 121 | 474 |
| 3711 | Sveitarfélagið Stykkishólmur | 1.285 | 400 | 100 | 141 | 641 |
| 3811 | Dalabyggð | 645 | 87 | 100 | 19 | 206 |
| 4100 | Bolungarvíkurkaupstaður | 995 | 400 | 100 | 13 | 513 |
| 4200 | Ísafjarðarbær | 3.832 | 400 | 100 | 121 | 621 |
| 4502 | Reykhólahreppur | 246 | 3 | 100 | 34 | 137 |
| 4607 | Vesturbyggð | 1.314 | 400 | 100 | 23 | 523 |
| 4803 | Súðavíkurhreppur | 209 | 0 | 100 | 7 | 107 |
| 4901 | Árneshreppur | 60 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 4902 | Kaldrananeshreppur | 115 | 0 | 100 | 1 | 101 |
| 4911 | Strandabyggð | 405 | 293 | 100 | 84 | 477 |
| 5508 | Húnaþing vestra | 1.203 | 4 | 100 | 92 | 196 |
| 5609 | Sveitarfélagið Skagaströnd | 462 | 42 | 100 | 44 | 186 |
| 5613 | Húnabyggð | 1.374 | 400 | 100 | 122 | 622 |
| 5716 | Skagafjörður | 4.316 | 400 | 100 | 109 | 609 |
| 6000 | Akureyrarbær | 20.050 | 400 | 100 | 149 | 649 |
| 6100 | Norðurþing | 3.114 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 6250 | Fjallabyggð | 1.966 | 89 | 100 | 179 | 368 |
| 6400 | Dalvíkurbyggð | 1.906 | 51 | 100 | 65 | 216 |
| 6513 | Eyjafjarðarsveit | 1.184 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 6515 | Hörgársveit | 847 | 205 | 100 | 0 | 305 |
| 6601 | Svalbarðsstrandarhreppur | 504 | 0 | 100 | 6 | 106 |
| 6602 | Grýtubakkahreppur | 389 | 16 | 100 | 3 | 119 |
| 6611 | Tjörneshreppur | 53 | 0 | 100 | 5 | 105 |
| 6613 | Þingeyjarsveit | 1.453 | 162 | 100 | 6 | 268 |
| 6709 | Langanesbyggð | 560 | 131 | 100 | 55 | 286 |
| 7300 | Fjarðabyggð | 5.247 | 400 | 100 | 89 | 589 |
| 7400 | Múlaþing | 5.232 | 400 | 100 | 16 | 516 |
| 7502 | Vopnafjarðarhreppur | 648 | 400 | 100 | 57 | 557 |
| 7505 | Fljótsdalshreppur | 90 | 0 | 100 | 1 | 101 |
| 8000 | Vestmannaeyjabær | 4.470 | 119 | 100 | 94 | 313 |
| 8200 | Sveitarfélagið Árborg | 12.064 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 8401 | Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.589 | 68 | 100 | 7 | 175 |
| 8508 | Mýrdalshreppur | 965 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 8509 | Skaftárhreppur | 627 | 79 | 100 | 22 | 201 |
| 8610 | Ásahreppur | 299 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 8613 | Rangárþing eystra | 2.073 | 229 | 100 | 12 | 342 |
| 8614 | Rangárþing ytra | 1.940 | 164 | 100 | 0 | 264 |
| 8710 | Hrunamannahreppur | 914 | 130 | 100 | 0 | 230 |
| 8716 | Hveragerðisbær | 3.300 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 8717 | Sveitarfélagið Ölfus | 2.757 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 8719 | Grímsnes- og Grafningshreppur | 575 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 8720 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 617 | 0 | 100 | 17 | 117 |
| 8721 | Bláskógabyggð | 1.362 | 389 | 100 | 0 | 489 |
| 8722 | Flóahreppur | 726 | 0 | 100 | 4 | 104 |
| | Samtals | 389.444 | 12.212 | 6.200 | 3.044 | 21.456 |

# Ársreikningur 2024

# Staðfesting ársreiknings

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í meginatriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu námu tekjur alls 89.706 m.kr. samanborið við 78.187 m.kr. árið á undan. Tekjur sjóðsins hækkuðu því um 11.519 m.kr. á árinu 2024. Mikla hækkun tekna á árinu 2024 má m.a. rekja til samkomulags ríkis og sveitarfélaga í árslok 2023 um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk. Tilfærsla fjármuna var framkvæmd með því móti að útsvarsprósenta sveitarfélaga og hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarinu hækkaði um 0,23% en tekjuskattsprósenta ríkisins lækkaði sem því nam.

Á árinu 2024 var tekjuhalli sjóðsins 266,8 m.kr. samanborið við tekjuhalla að fjárhæð 835,5 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.490,4 m.kr., skuldir 8.094,4 m.kr. og eigið fé nam 327,2 m.kr.

Innviðaráðherra, ráðuneytisstjóri og forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, september 2025

Undirritað rafrænt

*Eyjólfur Ármannsson,*
*innviðaráðherra*

*Ingilín Kristmannsdóttir,*
*ráðuneytisstjóri*

*Guðni Geir Einarsson,*
*forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga*

# Áritun ríkisendurskoðanda

**Til innviðaráðherra**

### Álit

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu ráðherra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2024, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa sjóðinn upp.

Stjórnendur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni

uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflar endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar..

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, september 2025

Undirritað rafrænt

*Guðmundur Björgvin Helgason,*
*ríkisendurskoðandi*

# Rekstrarreikningur árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 1 | 30.290.647 | 29.673.054 |
| Framlag sveitarfélaga | 2 | 55.119.753 | 46.041.922 |
| Önnur framlög | 3 | 4.295.315 | 2.471.618 |
| Tekjur alls | | 89.705.716 | 78.186.594 |
| **Framlög** | | | |
| Bundin framlög | 4 | 1.147.117 | 1.819.061 |
| Sérstök framlög | 5 | 12.247.761 | 10.423.930 |
| Jöfnunarframlög | 6 | 17.449.262 | 16.900.738 |
| Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla | 7 | 18.878.141 | 17.600.804 |
| Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk | 8 | 40.502.083 | 32.521.162 |
| Framlög alls | | 90.224.364 | 79.265.696 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 10.170 | 9.640 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 192.002 | 187.758 |
| Rekstrarkostnaður samtals | | 202.172 | 197.397 |
| Framlög og gjöld alls | | 90.426.536 | 79.463.093 |
| Rekstrargjöld/tekjur | | (720.820) | (1.276.499) |
| Fjármagnstekjur/gjöld | 11 | 453.974 | 440.953 |
| **Afkoma ársins** | 16 | **(266.846)** | **(835.546)** |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Veltufjármunir: | | | |
| Sveitarfélög, staða | *12* | 4.779.915 | 4.188.220 |
| Ríkissjóður, vegna framlaga | *13* | 0 | 1.371.154 |
| Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla | *14* | 45.190 | 8.355 |
| Áfallnar vaxtatekjur | | 0 | 9.530 |
| Aðrar skammtímakröfur | *15* | 115.218 | 116.516 |
| Skammtímakröfur samtals | | 4.940.323 | 5.693.775 |
| Handbært fé: | | | |
| Bankareikningar | | 3.550.113 | 2.869.802 |
| **Eignir alls** | | **8.490.436** | **8.563.577** |
| Utan efnahagsreiknings | *19* | 0 | 14.804.282 |

| | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| Eigið fé: | | | |
| Höfuðstóll | 16 | 327.150 | 593.996 |
| | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Ríkissjóður, vegna framlaga | 13 | 1.492.033 | 0 |
| Ríkissjóður, vegna dóms | | 0 | 375.000 |
| Ríkissjóður, aðrar skuldir | | 64.692 | 0 |
| Sveitarfélög og aðrar skuldir | 17 | 6.126.812 | 6.501.333 |
| Önnur framlög, greiðslustaða | 18 | 479.749 | 1.093.248 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 8.163.286 | 7.969.580 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 8.163.286 | 7.969.580 |
| | | | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **8.490.436** | **8.563.577** |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# Sjóðstreymi árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Veltufé frá rekstri: | | | |
| Tekjuafkoma samkvæmt rekstrarreikningi | | (266.846) | (835.546) |
| Veltufé frá rekstri | | (266.846) | (835.546) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | | |
| Skammtímakröfur lækkun/(hækkun) | | (617.702) | (451.340) |
| Skammtímaskuldir hækkun/(lækkun) | | (1.298.327) | 678.136 |
| | | (1.916.029) | 226.795 |
| **Handbært fé til rekstrar/frá rekstri** | | **(2.182.875)** | **(608.751)** |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Breyting á stöðu við ríkissjóð: | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | (30.290.647) | (29.673.054) |
| Greitt úr ríkissjóði | | 33.153.835 | 28.413.528 |
| | | 2.863.188 | (1.259.526) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 680.312 | (1.868.277) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 2.869.802 | 4.738.078 |
| Handbært fé í árslok | | 3.550.114 | 2.869.802 |

# Skýringar

## Starfsemi

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda ákvæði III. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sjóðurinn er í vörslu innviðaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins. .

## Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 líkt og ársreikningar A-hluta ríkisaðila. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og eru reikningsskilareglur í meginatriðum hliðstæðar og árið á undan.

## Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

## Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## Þjónustusamningur við innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður hefur gert samning við innviðaráðuneytið um þjónustu og aðstöðu hjá ráðuneytinu. Núgildandi samningur er frá 31. janúar 2018.

## Bókhald

Samningur var gerður við Fjársýslu ríkisins árið 2016 um að annast allt bókhald fyrir Jöfnunarsjóð, bókun reikninga og framlaga til sveitarfélaga og annarra ásamt því að sjá um allar greiðslur fyrir sjóðinn, afstemmingar, uppgjör og skil á uppgjörum og öðru til sveitarfélaga.

## Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# Tekjur

## 1. Framlag ríkisins

Reiknað framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,036% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga | 29.188.147 | 28.548.054 |
| Viðbótarframlög frá ríkissjóði | 1.102.500 | 1.125.000 |
| Samtals | **30.290.647** | **29.673.054** |

## 2. Framlag sveitarfélaga

Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| 0,77% af útsvarsstofni - staðgreiðsla | 18.869.008 | 17.634.771 |
| 0,77% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs | 335.612 | 270.421 |
| 1,21% af útsvarsstofni - staðgreiðsla | | 27.711.783 |
| 1,44% af útsvarsstofni - staðgreiðsla | 35.287.496 | |
| 1,21% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs | | 424.947 |
| 1,44% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs | 627.637 | |
| Samtals | **55.119.753** | **46.041.922** |

## 3. Önnur framlög

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Framlög frá mennta- og barnamála.rn. v. tónlistarfræðslu | 748.400 | 715.600 |
| Framlög frá félags- og húsnæðmálaráðuneytinu v. NPA og lengdrar viðveru | 1.504.000 | 1.143.044 |
| Ríkisframlag vegna skólamáltíða | 1.725.000 | 0 |
| Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 317.915 | 612.975 |
| Samtals | **4.295.315** | **2.471.618** |

# Gjöld

## 4. Bundin framlög

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlögin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Samband íslenskra sveitarfélaga | 701.181 | 670.037 |
| Landshlutasamtök | 387.928 | 378.554 |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | 0 | 711.757 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | 449 | 550 |
| Húsafriðunarsjóður | 57.559 | 58.164 |
| Samtals | **1.147.117** | **1.819.061** |

## 5. Sérstök framlög

Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi og rekstri þeirra. Framlögin eru samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Sameining sveitarfélaga | 1.210.983 | 1.141.736 |
| Framlög vegna samþættingar | 1.078.000 | 1.100.000 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | 0 | 47.771 |
| Framlög til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum | 23.596 | 37.728 |
| Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatts | 7.146.800 | 7.293.535 |
| Framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða | 1.725.000 | 0 |
| Framlög til sérstakra verkefna | 314.981 | 87.559 |
| Framlög til eflingar tónlistarfræðslu | 748.400 | 715.600 |
| Samtals | **12.247.761** | **10.423.930** |

## 6. Jöfnunarframlög

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög til að jafna tekjur sveitarfélaga miðað við að þau hafi fullnýtt tekjustofna sína og útgjaldajöfnunarframlög til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni og tekna þeirra. Framlögin eru samkvæmt 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Tekjujöfnunarframlög | 1.400.000 | 1.400.000 |
| Útgjaldajöfnunarframlög | 16.049.262 | 15.500.738 |
| Samtals | **17.449.262** | **16.900.738** |

## 7. Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Almenn framlög | 14.259.852 | 13.460.590 |
| Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda | 3.515.578 | 3.257.645 |
| Framlög vegna nýbúafræðslu | 899.586 | 659.821 |
| Skólabúðir að Reykjum | 84.091 | 80.292 |
| Önnur framlög | 119.035 | 142.457 |
| Samtals | **18.878.141** | **17.600.804** |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

## 8. Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk eru samkvæmt reglugerð nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk | 37.495.298 | 30.122.127 |
| Framlög vegna breytingakostnaðar | 439.608 | 827.019 |
| Framlög vegna NPA | 2.125.700 | 1.107.444 |
| Framlög vegna lengdrar viðveru | 221.000 | 207.000 |
| Stofnkostnaðarframlög vegna málefna fatlaðs fólks | 220.476 | 257.572 |
| Samtals | **40.502.083** | **32.521.162** |

## 9. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við innviðaráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni eru færð hér.

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| Nefndar- og stjórnarlaun | 8.444 | 8.656 |
| Launatengd gjöld | 1.726 | 983 |
| Samtals | **10.170** | **9.640** |

## 10. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður er nokkuð svipaður á milli ára en mesta breytingin liggur í aukningu á aðkeyptri þjónustu.

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| Bókhaldsþjónusta | 19.788 | 17.999 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 36.344 | 29.101 |
| Funda- og ferðakostnaður | 9.628 | 8.148 |
| Þjónustusamningur við innviðaráðuneytið | 127.202 | 127.381 |
| Ýmis kostnaður | (960) | 5.128 |
| Samtals | **192.002** | **187.758** |

## 11. Hreinar fjármunatekjur

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| Vaxtagjöld | (21) | (79) |
| Vaxtatekjur | 582.044 | 565.825 |
| Fjármagnstekjuskattur | (128.050) | (124.793) |
| Samtals | **453.974** | **440.953** |

## 12. Staða við sveitarfélögin vegna óinnheimtrar staðgreiðslu

Í lok árs 2024 nam krafa Jöfnunarsjóðs á sveitarfélögin vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu launa í desember 4.779,9 m.kr. samanborið við 4.188,2 m.kr. árið áður.

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| Sveitarfélög vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu | 4.779.915 | 4.188.220 |
| Samtals | **4.779.915** | **4.188.220** |

## 13. Ríkissjóður, v. framlaga

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Staða við ríkissjóð: | | |
| Fjárlög ársins, lögbundið framlag | 30.680.300 | 27.176.900 |
| Fjáraukalög ársins, lögbundið framlag | 0 | 2.013.000 |
| | **30.680.300** | **29.189.900** |
| Framlög ríkisjóðs: | | |
| 2,036% af innheimtum skatttekjum ársins 2024 (2,111% 2023) | 23.743.521 | 23.386.411 |
| 0,264% af álagningarstofni útsvars | 6.276.635 | 5.594.376 |
| Leiðrétting, endurskoðað framlag | (832.008) | (432.734) |
| Ríkissjóður, lögbundin framlög samtals | 29.188.148 | 28.548.054 |
| Ríkissjóður, v. framlaga | (1.492.152) | (641.846) |
| Ógreitt af fjárlögum ársins um áramót | 119 | 2.013.000 |
| **Nettó (skuld)/krafa á ríkissjóð** | **(1.492.033)** | **1.371.154** |

## 14. Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla

Í árslok 2024 átti Jöfnunarsjóður inni hjá ríkissjóði 45,2 m.kr. vegna innheimtu á staðgreiðslu miðað við 8,4 m.kr. árið áður.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður vegna hlutdeildar í innheimtri staðgreiðslu | 45.190 | 8.355 |
| Samtals | **45.190** | **8.355** |

## 15. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, staða | 110.182 | 110.182 |
| Annað | 5.035 | 6.334 |
| Samtals | **115.218** | **116.516** |

## 16. Eigið fé

Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Höfuðstóll 1/1 | 593.996 | 1.429.542 |
| Afkoma ársins | (266.846) | (835.546) |
| **Höfuðstóll 31/12** | **327.150** | **593.996** |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

## 17. Sveitarfélög og aðrar skuldir

Sveitarfélög og aðrar skuldir greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans | 2.106.278 | 2.108.935 |
| Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra | 3.706.801 | 3.700.000 |
| Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, staða | 0 | 0 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 0 | 0 |
| Ýmsar skuldir | 313.733 | 692.397 |
| Samtals | **6.126.812** | **6.501.333** |

## 18. Önnur framlög, greiðslustaða

Ógreidd framlög lækka um 613,5 m.kr. frá fyrra ári eða um 56,1%.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Almenn jöfnunarframlög vegna grunnskóla | 130.757 | 507.049 |
| Framlög vegna fasteignaskatts | (4.489) | 163.008 |
| Ógreidd framlög til eflingar tónlistarfræðslu | 108 | 36.500 |
| Ógreidd framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða | 20.233 | 0 |
| Almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk | (381.304) | 385.919 |
| Ógreidd framlög vegna NPA | 714.443 | 771 |
| Samtals | **479.749** | **1.093.248** |

## 19. Utan efnahagsreiknings

### Innheimtustofnun sveitarfélaga

Frá og með 1. janúar 2024 ber sýslumaður ábyrgð á innheimtu meðlaga og öðrum framfærsluframlögum sem hið opinbera hefur milligöngu um að inna af hendi samkvæmt lögum um almannatryggingar og á grundvelli þjóðréttarlegra samninga um innheimtu meðlaga. Því er það ekki lengur eitt af lögbundnu hlutverki Jöfnunarsjóðs að greiða Innheimtustofnun það sem á vantar til að tekjur Innheimtustofnunar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar vegna þeirra greiðslna sem Tryggingastofnun hefur innt af hendi til meðlagsmóttakenda skv. lögum. Þar af leiðandi var lögbundið framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð lækkað 1. janúar 2024 úr 2,111% í 2,036%.

## 20. Önnur mál

Þann 20. nóvember 2024 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands þar sem íslenska ríkið var sýknað í máli sem Reykjavíkurborg höfðaði vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, almennra framlaga til reksturs grunnskóla og vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) á tímabilinu 2015-2019. Hæstiréttur sneri þar með við niðurstöðu Héraðsdóms frá því í desember 2023.

## 21. Fimm ára yfirlit

### í m.kr. á verðlagi hvers árs

| | 2024 | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 89.706 | 78.187 | 64.526 | 55.500 | 53.425 |
| Rekstrargjöld | (90.427) | (79.463) | (64.030) | (55.696) | (53.443) |
| Fjármunatekjur/(gjöld) | 454 | 441 | 216 | 76 | 65 |
| Afkoma ársins | (267) | (836) | 713 | (121) | 48 |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir | 8.490 | 8.564 | 8.721 | 6.884 | 8.081 |
| Eignir alls | 8.490 | 8.564 | 8.721 | 6.884 | 8.081 |
| Eigið fé | 327 | 594 | 1.430 | 717 | 838 |
| Skammtímaskuldir | 8.163 | 7.970 | 7.291 | 6.167 | 7.243 |
| Eigið fé og skuldir alls | 8.490 | 8.564 | 8.721 | 6.884 | 8.081 |

*Fjárhæðir í þúsundum króna*

# Framlög Jöfnunarsjóðs

# Framlög skipt eftir sveitarfélögum

| Svf. nr. | Sveitarfélag | Íbúafjöldi 1.1.2024 | Framlög v. sameiningar sveitarfélaga a-liður 7. gr. | Sérstök verkefni 11.gr. | Tekjujöfnunarframlög 12. gr. | Útgjaldajöfnunarframlög 13. gr. | Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla m. leiðr. 2020 3. gr. | Framlög v. sérþarfa fatlaðra nemenda 4. gr. | Framlög v. nemenda m. íslensku sem annað tungumál 5. gr. | Framlag v. Skólabúða að Reykjum 6. gr.[1] Önnur framlög 8.gr.[2] | Framlög v. jöfnunar fasteignaskattstekna | Framlög til eflingar tónlistarnámi 1. og 7. gr. | Framlög v. samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna | Framlög v. gjaldfrjálsra skólamáltíða | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Reglugerð/Lög nr. | | 1088/2018 | | | | 351/2002 | | | | 80/2001 | 23/2013 | 1455/2021 | 4/1995 | |
| 0000 | Reykjavíkurborg* | 136.894 | | | | 34,9 | | 2.107,5 | | 29,7[2] | | 397,7 | 404,9 | 567,1 | **3.541,9** |
| 1000 | Kópavogsbær | 39.335 | | | | 1,4 | 1.125,9 | 177,6 | 141,0 | | | 59,1 | 107,4 | 183,5 | **1.795,8** |
| 1100 | Seltjarnarneskaupstaður | 4.572 | | | | 226,3 | 122,5 | 6,0 | 7,2 | | | 3,5 | 9,4 | 23,4 | **398,3** |
| 1300 | Garðabær | 19.088 | | | | 219,6 | 653,3 | 116,9 | 29,5 | | | 38,2 | 43,5 | 91,3 | **1.192,3** |
| 1400 | Hafnarfjarðarkaupstaður | 30.616 | | | | | 1.582,7 | 234,6 | 113,5 | | | 24,5 | 94,3 | 151,7 | **2.201,4** |
| 1604 | Mosfellsbær | 13.403 | | | | 493,9 | 889,9 | 62,1 | 51,4 | | 38,5 | 26,2 | 32,2 | 67,6 | **1.661,8** |
| 1606 | Kjósarhreppur | 269 | | | | | | 1,3 | | | 26,3 | | 0,5 | 0,8 | **28,9** |
| 2000 | Reykjanesbær | 21.957 | | | 850,4 | 95,3 | 794,9 | 152,4 | 93,9 | | 432,5 | 46,4 | 75,0 | 97,1 | **2.637,8** |
| 2300 | Grindavíkurbær | 3.579 | | 182,8 | | 540,8 | 234,5 | 3,5 | 22,1 | 28,0[2] | 100,2 | 1,4 | 13,2 | | **1.126,4** |
| 2506 | Sveitarfélagið Vogar | 1.500 | | | 24,1 | 231,5 | 148,2 | 20,9 | 7,2 | | 72,5 | | 4,9 | 6,6 | **515,9** |
| 2510 | Suðurnesjabær | 3.897 | 59,1 | | | 690,4 | 399,5 | 38,0 | 21,9 | | 127,5 | 5,8 | 15,1 | 19,8 | **1.377,0** |
| 3000 | Akraneskaupstaður | 8.071 | | | 63,7 | 604,5 | 482,8 | 67,4 | 26,2 | | 122,8 | 14,9 | 20,3 | 41,4 | **1.444,0** |
| 3506 | Skorradalshreppur | 52 | | | | | | | | | | | 0,2 | 0,2 | **0,4** |
| 3511 | Hvalfjarðarsveit | 727 | | | | -0,7 | | | | | | 0,3 | 2,0 | 3,4 | **4,9** |
| 3609 | Borgarbyggð | 4.100 | 8,7 | | | 794,6 | 433,6 | 18,8 | 13,8 | | 275,9 | 1,7 | 11,0 | 18,7 | **1.576,8** |
| 3709 | Grundarfjarðarbær | 821 | | | 7,4 | 166,5 | 138,1 | 9,8 | 3,5 | | 77,0 | | 2,9 | 4,0 | **409,2** |
| 3713 | Eyja- og Miklaholtshreppur | 123 | | | 2,8 | 31,4 | 41,9 | 3,1 | | | 15,4 | | 0,5 | 0,6 | **95,6** |
| 3714 | Snæfellsbær | 1.617 | | | | 298,0 | 183,2 | 7,2 | 9,9 | | 140,5 | | 4,7 | 7,4 | **650,8** |
| 3716 | Stykkishólmsbær | 1.266 | 96,6 | | 15,0 | 257,8 | 161,1 | 3,0 | 4,7 | | 85,1 | 2,9 | 3,5 | 6,2 | **636,1** |
| 3811 | Dalabyggð | 642 | | | -1,2 | 165,3 | 98,3 | 2,3 | 0,8 | | 99,5 | 0,5 | 2,1 | 2,7 | **370,3** |
| 4100 | Bolungarvíkurkaupstaður | 989 | | | 9,1 | 175,1 | 103,9 | 10,6 | 8,9 | | 91,5 | 1,5 | 3,3 | 4,4 | **408,3** |
| 4200 | Ísafjarðarbær | 3.797 | | | -6,0 | 707,5 | 343,5 | 31,2 | 15,5 | | 336,9 | 10,5 | 12,2 | 17,5 | **1.468,8** |
| 4502 | Reykhólahreppur | 236 | | | 2,3 | 138,7 | 49,8 | 0,9 | 0,4 | | 45,1 | | 0,6 | 1,1 | **238,9** |
| 4604 | Tálknafjarðarhreppur | 250 | | | | 19,6 | 43,6 | | 1,0 | | 49,0 | | 0,6 | | **113,8** |
| 4607 | Vesturbyggð | 1.106 | 195,4 | | -0,2 | 269,5 | 108,2 | 9,7 | 5,6 | | 132,3 | 1,0 | 3,3 | 5,3 | **730,2** |
| 4803 | Súðavíkurhreppur | 219 | | | 1,6 | 122,2 | 7,9 | | 1,4 | | 38,1 | | 0,8 | 0,5 | **172,5** |
| 4901 | Árneshreppur | 53 | | | | 3,2 | | | | | 14,3 | | 0,0 | 0,1 | **17,6** |
| 4902 | Kaldrananeshreppur | 104 | | | | 18,0 | 24,0 | | 1,2 | | 19,6 | | 0,2 | 0,5 | **63,5** |
| 4911 | Strandabyggð | 414 | | | | 143,7 | 51,8 | 6,0 | 0,8 | | 59,9 | 1,4 | 0,9 | 1,5 | **265,9** |
| 5508 | Húnaþing vestra | 1.212 | | | 5,2 | 298,4 | 109,3 | 6,4 | 3,7 | 84,1[1] | 138,0 | 2,0 | 3,5 | 4,8 | **655,5** |
| 5609 | Sveitarfélagið Skagaströnd | 457 | | | 7,6 | 86,5 | 81,0 | 3,2 | 1,7 | | 39,8 | | 1,5 | 2,1 | **223,3** |
| 5611 | Skagabyggð | 86 | 2,0 | | 8,3 | 110,3 | 18,4 | | | | 9,2 | 0,3 | 0,3 | | **148,9** |
| 5613 | Húnabyggð | 1.263 | 127,1 | | | 245,4 | 228,0 | 5,8 | 5,4 | | 125,5 | 1,1 | 4,2 | 7,0 | **749,4** |
| 5716 | Skagafjörður | 4.276 | 132,9 | | | 852,1 | 386,4 | 13,2 | 5,6 | | 370,6 | 2,3 | 9,1 | 19,7 | **1.791,8** |
| 6000 | Akureyrarkaupstaður | 19.812 | | | 157,0 | 383,9 | 1.266,4 | 86,9 | 66,5 | | 444,3 | 86,6 | 44,7 | 93,7 | **2.630,2** |
| 6100 | Norðurþing | 3.081 | | | | 681,5 | 100,4 | 6,5 | 12,8 | | 275,7 | 0,4 | 8,1 | 11,8 | **1.097,1** |
| 6250 | Fjallabyggð | 1.973 | | | | 419,7 | 195,3 | 17,9 | 5,6 | | 190,5 | 0,5 | 3,8 | 8,1 | **841,3** |
| 6400 | Dalvíkurbyggð | 1.866 | | | -3,4 | 392,9 | 201,2 | | 13,2 | | 158,5 | 0,2 | 5,8 | 9,0 | **777,4** |
| 6513 | Eyjafjarðarsveit | 1.162 | | | 35,6 | 280,2 | 200,7 | 4,5 | 0,6 | | 67,8 | 5,1 | 2,9 | 6,7 | **604,2** |
| 6515 | Hörgársveit | 791 | | | -0,6 | 188,0 | 94,1 | 6,3 | 2,3 | | 57,6 | | 2,0 | 3,5 | **353,0** |
| 6601 | Svalbarðsstrandarhreppur | 491 | | | | 98,7 | 88,0 | | 1,7 | | 41,4 | | 1,2 | 2,3 | **233,2** |
| 6602 | Grýtubakkahreppur | 396 | | | | 77,9 | 82,3 | | 1,4 | | 31,2 | | 0,8 | 1,9 | **195,5** |
| 6611 | Tjörneshreppur | 52 | | | | 31,1 | | | | | 5,7 | | 0,1 | 0,1 | **36,9** |
| 6613 | Þingeyjarsveit | 1.410 | 125,8 | | | 80,0 | 161,7 | 6,5 | 4,5 | | 244,5 | 1,9 | 2,7 | 5,2 | **632,9** |
| 6710 | Langanesbyggð | 540 | 83,7 | | | 347,7 | 61,1 | 1,3 | 1,7 | | 81,0 | | 1,7 | 2,0 | **580,3** |
| 7300 | Fjarðabyggð | 5.163 | 80,2 | | | 190,5 | 490,6 | 56,8 | 25,8 | | 393,0 | | 12,9 | 25,5 | **1.275,4** |
| 7400 | Múlaþing | 5.177 | 299,4 | | 23,4 | 967,1 | 550,4 | 30,0 | 23,7 | | 419,0 | 11,8 | 14,1 | 24,8 | **2.363,8** |
| 7502 | Vopnafjarðarhreppur | 650 | | | | 132,5 | 71,6 | 4,6 | 4,1 | | 99,9 | | 2,0 | 2,6 | **317,4** |
| 7505 | Fljótsdalshreppur | 95 | | | | | | | | | | | 0,0 | | **0,0** |
| 8000 | Vestmannaeyjabær | 4.444 | | | | 614,7 | 52,7 | 30,4 | 10,1 | | 164,0 | 7,1 | 10,4 | 19,9 | **909,4** |
| 8200 | Sveitarfélagið Árborg | 11.565 | | | 129,8 | 555,5 | 804,1 | 89,2 | 44,6 | | 257,9 | 19,4 | 30,2 | 58,3 | **1.989,0** |
| 8401 | Sveitarfélagið Hornafjörður | 2.487 | | | | 459,7 | 134,2 | 11,9 | 10,7 | | 201,2 | 1,8 | 5,6 | 9,0 | **834,2** |
| 8508 | Mýrdalshreppur | 881 | | | | 104,9 | -28,5 | 2,0 | 1,7 | | 79,3 | | 1,7 | 2,0 | **163,0** |
| 8509 | Skaftárhreppur | 620 | | | | 113,0 | 13,9 | | 0,6 | | 101,2 | | 1,6 | 1,6 | **231,9** |
| 8610 | Ásahreppur | 293 | | | | | 48,8 | | | | 18,9 | | 0,9 | 1,4 | **70,1** |
| 8613 | Rangárþing eystra | 2.007 | | | -1,5 | 370,5 | 75,1 | 5,3 | 6,4 | | 168,5 | 1,9 | 5,6 | 7,5 | **639,3** |
| 8614 | Rangárþing ytra | 1.867 | | | | 220,2 | 167,9 | 9,1 | 12,0 | | 159,9 | 1,1 | 5,8 | 7,6 | **583,6** |
| 8710 | Hrunamannahreppur | 865 | | | | 136,3 | 32,4 | | 2,7 | | 84,5 | 0,2 | 2,0 | 2,6 | **260,7** |
| 8716 | Hveragerðisbær | 3.265 | | | 63,4 | 584,5 | 144,1 | 5,8 | 10,5 | | 74,5 | 1,2 | 7,9 | 14,8 | **906,7** |
| 8717 | Sveitarfélagið Ölfus | 2.631 | | | | 434,3 | 189,6 | 10,6 | 10,5 | | 88,1 | | 6,8 | 11,4 | **751,4** |
| 8719 | Grímsnes- og Grafningshreppur | 539 | | | | | | | | | | 0,3 | 1,3 | 1,8 | **3,4** |
| 8720 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 591 | | | | | 94,1 | | 1,0 | | 58,0 | 1,0 | 1,8 | 2,3 | **158,2** |
| 8721 | Bláskógabyggð | 1.322 | | | | | 170,2 | 1,2 | 4,7 | | 200,5 | | 3,3 | 5,7 | **385,7** |
| 8722 | Flóahreppur | 699 | | | 6,3 | 142,5 | 127,4 | 6,5 | 2,7 | | 64,1 | 0,7 | 2,3 | 3,5 | **356,2** |
| | Samtals skipt eftir sveitarfélögum | 383.726 | 1.211,0 | 182,8 | 1.400,0 | 16.049,3 | 14.636,1 | 3.512,7 | 880,2 | 84,1[1]/57,7[2] | 7.314,3 | 784,8 | 1.078,0 | 1.704,8 | **48.895,7** |

* Framlög til Reykjavíkurborgar samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 eru á grundvelli samninga um rekstur sérskóla/sérdeilda, kennsluráðgjöf fyrir nýbúa í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg og kennslu langveikra barna með lögheimili utan Reykjavíkurborgar.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Framlög skipt eftir landshlutum

| Reglugerð/Lög nr. | | 1088/2018 | | | 351/2002 | | | | 80/2001 | 23/2013 | 1455/2021 | 4/1995 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Íbúafjöldi 1.1.2024 | Framlög v. sameiningar sveitarfélaga a-liður 7. gr. | Sérstök verkefni 11.gr. | Tekjujöfnunarframlög 12. gr. | Útgjaldajöfnunarframlög 13. gr. | Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla m. leiðr. 2020 3. gr. | Framlög v. sérþarfa fatlaðra nemenda 4. gr. | Framlög v. nemenda m. íslensku sem annað tungumál 5. gr. | Framlag v. Skólabúða að Reykjum 6. gr.[1] Önnur framlög 8.gr.[2] | Framlög v. jöfnunar fasteignaskattstekna | Framlög til eflingar tónlistarnámi 1. og 7. gr. | Framlög v. samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna | Framlög v. gjaldfrjálsra skólamáltíða | **Samtals** |
| Reykjavík | 136.894 | | | | 34,9 | | 2.107,5 | | 29,7[2] | | 397,7 | 404,9 | 567,1 | **3.541,9** |
| Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu | 107.283 | | | | 941,1 | 4.374,3 | 598,4 | 342,7 | | 64,8 | 151,6 | 287,4 | 518,2 | **7.278,6** |
| Suðurnes | 30.933 | 59,1 | 182,8 | 964,7 | 1.558,0 | 1.577,0 | 214,9 | 145,1 | 28,0[2] | 732,7 | 53,5 | 108,1 | 123,5 | **5.657,2** |
| Vesturland | 17.419 | 105,3 | | 84,8 | 2.317,4 | 1.539,0 | 111,5 | 59,0 | | 816,1 | 20,4 | 47,1 | 84,7 | **5.188,3** |
| Vestfirðir | 7.168 | 195,4 | | 14,3 | 1.597,5 | 732,7 | 58,4 | 34,9 | | 786,7 | 14,4 | 21,9 | 30,8 | **3.479,5** |
| Norðurland vestra | 7.294 | 262,0 | | 35,1 | 1.592,7 | 823,1 | 28,6 | 16,3 | 84,1[1] | 683,2 | 5,7 | 18,6 | 33,6 | **3.568,9** |
| Norðurland eystra | 31.574 | 209,5 | | 136,9 | 2.981,5 | 2.451,1 | 129,9 | 110,2 | | 1.598,2 | 94,8 | 73,8 | 144,2 | **7.982,0** |
| Austurland | 11.085 | 379,6 | | 22,6 | 1.290,1 | 1.112,7 | 91,4 | 53,7 | | 912,0 | 11,8 | 29,0 | 53,0 | **3.956,7** |
| Suðurland | 34.076 | | | 141,6 | 3.736,1 | 2.026,1 | 172,0 | 118,3 | | 1.720,7 | 34,9 | 87,1 | 149,6 | **8.242,7** |
| **Samtals skipt eftir landshlutum** | 383.726 | 1.211,0 | 182,8 | 1.400,0 | 16.049,3 | 14.636,1 | 3.512,7 | 639,9 | 84,1[1]/57,7[2] | 7.314,3 | 784,8 | 1.078,0 | 1.704,8 | 48.895,7 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Önnur framlög

| Reglugerð/Lög nr. | 1088/2018 | | | | 351/2002 | | | | 80/2001 | 23/2013 | 1455/2021 | 4/1995 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Framlög v. sameiningar sveitarfélaga a-liður 7. gr. | Sérstök verkefni 11.gr. | Tekjujöfnunarframlög 12. gr. | Útgjaldajöfnunarframlög 13. gr. | Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla m. leiðr. 2020 3. gr. | Framlög v. sérþarfa fatlaðra nemenda 4. gr. | Framlög v. nemenda m. íslensku sem annað tungumál 5. gr. | Önnur framlög 8.gr.[2] | Framlög v. jöfnunar fasteignaskattstekna | Framlög til eflingar tónlistarnámi 1. og 7. gr. | Framlög v. samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna | Framlög v. gjaldfrjálsra skólamáltíða | |
| Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum | | 23,6 | | | | | | | | | | | |
| Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins | | | | | | | | 28,3[2] | | | | | |
| Mennta- og barnam.r. v. höfundarvarið efni | | | | | | | | 29,5[2] | | | | | |
| Landshlutasamtök vegna sóknaráætlana | | 49,3 | | | | | | | | | | | |
| Landshlutasamtök vegna nýrra sóknaráætlana | | 45,0 | | | | | | | | | | | |
| Könnun húsnæðismál Grindavíkur | | 5,9 | | | | | | | | | | | |
| Næstu skref | | | | | | | | 3,5[2] | | | | | |
| Samband íslenskra sveitarfélaga í Brussel | | 24,0 | | | | | | | | | | | |
| SSV - sveitarstjórnaráætlun | | 2,0 | | | | | | | | | | | |
| Akureyri - ráðgjafarþjónusta | | | | | | 2,9 | | | | | | | |
| Verkefnastjóri vegna ÍSAT framlaga | | | | | | | 19,4 | | | | | | |
| Bifröst | | 6,0 | | | | | | | | | | | |
| **Samtals önnur framlög** | | 155,8 | | | | 2,9 | 19,4 | 61,3 | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Óhafið 31.12.2023 | | | | | -507,0 | | | | -163,0 | -36,5 | | | |
| Óhafið 31.12.2024 | | | | | 130,8 | | | | -4,5 | 0,1 | | 20,2 | |
| **Samtals** | 1.211,0 | 338,6 | 1.400,0 | 16.049,3 | 14.259,9 | 3.515,6 | 899,6 | 84,1[1]/119,0[2] | 7.146,8 | 748,4 | 1.078,0 | 1.725,0 | |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Framlög vegna fatlaðs fólks 2024

| Þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks | Almenn framlög v. málefna fatlaðs fólks | Önnur framlög | Framlög v. lengdrar viðveru | Framlög v. NPA | Framlög v. langtíma leigu-samninga | Stofnframlög - Fasteigna-sjóður Jöfnunarsjóðs | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 13.400,6 | 19,9 | 82,4 | 559,9 | 41,6 | 26,6 | **14.130,8** |
| Kópavogsbær | 2.454,9 | | 14,9 | 118,7 | 3,4 | 2,2 | **2.594,2** |
| Seltjarnarnesbær | 282,3 | | 0,9 | | | | **283,2** |
| Garðabær | 2.016,4 | | 15,3 | 90,9 | 3,5 | 2,7 | **2.128,7** |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 3.290,4 | | 21,9 | 202,1 | 26,8 | 25,5 | **3.566,6** |
| Mosfellsbær og Kjósarhreppur | 2.195,5 | | 7,6 | 89,1 | 4,3 | 10,2 | **2.306,7** |
| Reykjanesbær | 760,5 | | 15,3 | 52,5 | 0,4 | | **828,7** |
| Grindavíkurbær | 292,7 | | | | | | **292,7** |
| Suðurnesjabær og Svf. Vogar | 327,7 | | 6,7 | 10,6 | | | **344,9** |
| Sandgerðisbær | -0,1 | | | | | | **-0,1** |
| Akraneskaupstaður | 1.280,7 | | 7,6 | | | | **1.288,3** |
| Hvalfjarðarsveit | 34,1 | | 0,9 | | | 2,9 | **38,0** |
| Borgarbyggð | 174,9 | | 0,9 | | 1,3 | | **177,2** |
| Snæfellsnes | 246,2 | | 0,9 | 7,1 | | | **254,2** |
| Dalabyggð | 21,7 | | | | | 1,2 | **23,0** |
| Kaldrananeshreppur | | | | | | 3,0 | **3,0** |
| Vesturbyggð | | | | | | 2,9 | **2,9** |
| Ísafjarðarbær | 621,7 | | 2,3 | 18,7 | | | **642,7** |
| Byggðasamlag Vestfjarða | 100,8 | | | | | | **100,8** |
| Húnabyggð | | | | | | 3,0 | **3,0** |
| Skagafjörður | 1.025,3 | -5,0 | 6,5 | 25,3 | 7,8 | 2,5 | **1.062,4** |
| Dalvíkurbyggð | 251,3 | | | 20,1 | | | **271,5** |
| Fjallabyggð | 327,7 | | 4,7 | 15,7 | | | **348,1** |
| Akureyrarbær | 3.465,6 | | 8,8 | 92,4 | | 18,8 | **3.585,6** |
| Þingeyjasýslur | 691,0 | | 4,9 | 1,9 | | | **697,7** |
| Vopnafjarðarhreppur | | | | | | 0,6 | **0,6** |
| Fjarðabyggð | 346,9 | | | | | | **346,9** |
| Múlaþing | 546,0 | | 4,9 | | | 14,3 | **565,2** |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 151,4 | | 0,9 | | | | **152,3** |
| Suðurland/Bergrisinn | 3.527,8 | | 12,4 | 107,1 | 0,6 | 0,8 | **3.648,7** |
| Vestmannaeyjabær | 280,7 | | 0,5 | | | | **281,2** |
| **Framlög samtals** | **38.114,9** | **14,9** | **221,0** | **1.412,0** | **89,6** | **117,3** | **39.969,7** |
| **Annað** | | | | | | | |
| Landssamtökin Þroskahjálp | 7,8 | | | | | 7,2 | **15,0** |
| Intellecon ehf. | | 2,3 | | | | | **2,3** |
| Mannvirðing | | 61,6 | | | | | **61,6** |
| Styrktarfélag lamaðra og fatl. | 139,8 | | | | | | **139,8** |
| Öryrkjabandalag Íslands | | | | | | 21,0 | **21,0** |
| Römpum upp Ísland | | | | | | 75,0 | **75,0** |
| Sólheimar | | 24,5 | | | | | **24,5** |
| **Önnur framlög** | | | | | | | |
| Samband ísl. sveitarfélaga | | 45,5 | | | | | **45,5** |
| Vinnumálastofnun | | 172,6 | | | | | **172,6** |
| Ráðgjöf | | 28,6 | | | | | **28,6** |
| **Óhafið** | | | | | | | |
| Óhafið 31. des. 2023 | -385,9 | | | -0,8 | | | |
| Óhafið 31. des. 2024 | -381,3 | | | 714,4 | | | |
| | **37.495,3** | **350,0** | **221,0** | **2.125,7** | **89,6** | **220,5** | **40.502,1** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Skipan ráðgjafarnefnda

## 2018-2022

- Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, formaður nefndarinnar
- Birgir Björn Sigurjónsson, fyrrverandi fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
- Karen E. Halldórsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Daníel Jakobsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ
- Stefán Vagn Stefánsson, aþingismaður, fyrrverandi formaður byggðarráðs í Skagafirði
- Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

### Varamenn

- Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, varaformaður
- Líf Magneudóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík
- Kristinn Andersen, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði
- Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð
- Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar
- Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi Fljótsdalshéraðs
- Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar

### 2014-2018

- Guðný Sverrisdóttir, fyrrv. sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, formaður
- Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
- Karen E. Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði
- Sigríður Huld Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað
- Valdimar O. Hermannsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð
- Ásgerður Gylfadóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði

### 2010-2014

- Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, formaður
- Björk Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði
- Hermann Jón Tómasson, bæjarfulltrúi í Akureyrarkaupstað*
- Þórunn Egilsdóttir, alþingismaður og sveitarstjórnarmaður í Vopnafjarðarhreppi

* Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og varamaður Hermanns, tók sæti hans í nefndinni veturinn 2012-2013

**2006-2010**

- Herdís Á. Sæmundsdóttir, varaþingmaður, formaður 2006-2007
- Guðmundur Bjarnason, fyrrv. bæjarstjóri í Fjarðabyggð, formaður 2008-2010
- Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar í Grundarfjarðarbæ
- Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ
- Hermann Jón Tómasson, formaður bæjarráðs í Akureyrarkaupstað
- Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs í Vestmannaeyjabæ

**2002-2006**

- Húnbogi Þorsteinsson, fyrrv. skrifstofustjóri, formaður 2002-2004
- Herdís Á. Sæmundsdóttir, varaþingmaður, formaður 2005-2006
- Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ
- Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar í Blönduóssbæ
- Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð
- Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

**1998-2002**

- Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
- Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
- Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
- Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Hornafirði
- Ingunn Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs í Sveitarfélaginu Árborg

**1994-1998**

- Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
- Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
- Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
- Gísli Sverrir Árnason, bæjarfulltrúi í Hornafjarðarbæ
- Magnús Karel Hannesson, oddviti í Eyrarbakkahreppi

**1990-1994**

- Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneyti, formaður
- Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað
- Valgarður Hilmarsson, oddviti í Engihlíðarhreppi
- Ásgeir Magnússon, bæjarstjóri í Neskaupstað
- Magnús Karel Hannesson, oddviti í Eyrarbakkahreppi

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Ársskýrsla 2024


Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið